

**Nauðungaruppboð í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 22. sept. 1952.**

Ár 1952, mánudaginn 22. sept., kl. 3 e. h., var uppboðsréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur við sumarhús Magnúsar Danielssonar við Hafravatn í Mosfellshreppi og haldinn af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir tekið samkvæmt kröfu Áka Jakobssonar hdl. að selja á opinberu uppboði sumarhús Magnúsar Danielssonar við Hafravatn ásamt landi og mannvirkjum til lúkningar dómskuld kr. 3000.00, auk vaxta og alls kostnaðar. — — —

Uppboðsbeiðandi, Áki Jakobsson hdl., er sjálfur mættur og leggur fram nr. 6, kröfu, þar sem hann gengur inn í uppboð með 1500 kr. kröfuupphæð auk vaxta og kostnaðar vegna Hans Rödtang, nr. 7 útskrift af fjárnámsgerð, er fram fór 18. sept. s. l. Krefst með skírskotun til framlagðra skjala, að uppboðið fari fram.

Því næst fór uppboðið fram þannig, að Hans Rödtang bauð kr. 5000.00 og var slegin eignin á því verði.

Önnur boð voru ekki gerð. — — —

Föstudaginn 4. desember 1953.

Nr. 124/1951. **Helgi Einarsson** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

**Áætlunarbílum Mosfellssveitar h/f**

(Sigurgeir Sigurjónsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Krafa um laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaga.

Skaðabætur vegna ólögmetrar uppsagnar.

Ágreiningsatkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1951. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 10382.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostn-

aðar úr hendi hans hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. Stefndi hefur fallið frá gagnkröfu þeirri, er hann hafði uppi í héraði.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, sem máli skipta um sakarefnið.

Hinn 1. marz 1947 var þeim Sigurbergi Pálssyni og Sigurði Snæland Grímssyni veitt í sameiningu sérleyfi samkvæmt lögum nr. 22/1945 til fólksflutninga með bifreiðum milli Reykjavíkur og tiltekinna staða í Mosfellssveit. Sérleyfið var óframseljanlegt og skyldi gilda til 1. marz 1952.

Nefndir sérleyfishafar höfðu gengið fyrir stofnun félagsins Áætlunarbílar Mosfellssveitar h/f, sem er stefndi í máli þessu. Samkvæmt skýrslum málflytjenda hér fyrir dómi er hlutafé félagsins kr. 40 000.00. Þar af eiga sérleyfishafarnir og eiginkonur þeirra kr. 32 000.00 og einn nafngreindur hluthafi kr. 8000.00. Er Sigurbergur Pálsson formaður félagsstjórnar, en Sigurður Snæland Grímsson meðstjórni. Félag þetta létu sérleyfishafarnir aðstoða sig við fólksflutninga, er þeim var skylt að annast samkvæmt sérleyfinu. Er því lýst hér fyrir dómi, að félagið reki ekki aðra starfsemi.

Sérleyfishafinn Sigurbergur Pálsson réð fyrir hönd hins stefnda félags áfrýjanda til að stunda akstur á sérleyfisleiðinni. Hóf áfrýjandi vinnu hjá stefnda hinn 23. september 1949, en hætti starfinu hinn 27. maí 1950.

Þeir sérleyfishafarnir Sigurbergur og Sigurður Snæland voru félagsmenn í Félagi sérleyfishafa á þeim tíma, er áfrýjandi réðst til stefnda og starfaði hjá honum. Áfrýjandi var á sama tíma félagsmaður í Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli. Stéttarfélag þessi höfðu gert með sér kjarasamning hinn 8. apríl 1949, og var hann í gildi allan starfstíma áfrýjanda hjá stefnda.

Kaupkjör þau, sem áfrýjandi skyldi hafa samkvæmt ráðningarsamningi hans við Sigurberg Pálsson fyrir hönd stefnda, voru lakari en tilskilið er í nefndum kjarasamningi stéttarfélaganna. Eftir að áfrýjandi var farinn úr þjónustu stefnda, gerði hann þær fjárkröfur á hendur honum, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Þegar málið var flutt í Hæstarétti,

hafði stefndi greitt áfrýjanda orlofsfé það, kr. 800.72, er honum var gert að greiða með héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi kröfur sínar þannig:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Vangreidd laun á tímabilinu 23. sept. til<br>27. maí 1950 ..... | kr. 8035.25 |
| 2. Laun í einn mánuð vegna fyrirvara-<br>lausrar uppsagnar .....   | — 2346.75   |

---

Samtals kr. 10382.00

*Um 1.* Áfrýjandi telur stefnda hafa verið skylt að greiða sér laun samkvæmt ákvæðum fyrrnefnds kjarasamnings Félagssérleyfishafa og Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils. Er fjárhæð sú, sem hann krefst samkvæmt þessum kröfulið, mismunur á launum þeim, sem hann fékk greidd úr hendi stefnda, og launum, er hann mundi hafa fengið, ef farið hefði verið eftir ákvæðum kjarasamningsins.

Hið stefnda félag hefur andmælt því, að það sé bundið við kjarasamninginn, þar sem það hafi ekki gengið í Félagssérleyfishafa.

Á þeim tíma, er hér skiptir máli, ráku sérleyfishafarnir sjálfir flutningastarfsemina samkvæmt óframseljanlegu sérleyfi sínu, enda þótt þeir létu stefnda aðstoða sig við flutningana. Sérleyfishafarnir voru bundnir við kjarasamninginn, og var þeim því skylt að láta bifreiðarstjóra, er störfuðu að flutningum á þeirra vegum og samningurinn tók til, njóta launa samkvæmt ákvæðum hans. Um þessa skyldu sérleyfishafanna var hinu stefnda félagi vitanlega fullkunnugt, þar sem sérleyfishafarnir höfðu á hendi stjórn þess og það laut þeim yfirráðum þeirra, er að framan greinir. Af þessu leiðir, að þegar félagið tók að sér samkvæmt ákvörðun sérleyfishafanna að aðstoða þá við flutningana, þá varð því jafnframt skylt að greiða bifreiðarstjórum laun eftir ákvæðum kjarasamningsins með sama hætti og sérleyfishafarnir hefðu sjálfir orðið að gera. Sú mótbára stefnda, sem hér hefur verið rædd, verður því ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefur stefndi borið það fyrir sig, að enda þótt hann yrði talinn bundinn við ákvæði kjarasamningsins, þá

hafi áfrýjandi fyrirgert rétti til frekari launa en hann hefur þegar fengið, með því að kvitta fyrirvaralaust fyrir kaupgreiðslur, þar á meðal fyrir lokagreiðslu, er áfrýjandi lét af starfinu. Á þessa mótbáru er þó heldur ekki unnt að fallast. Ákvæði 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 ber að skýra þannig, að þó að starfsmenn hafi kvittað fyrirvaralaust fyrir lægri laun en þeim bar samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags síns, þá eigi þeir samt rétt til að fá mismuninn greiddan úr hendi atvinnurekanda eftir á.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, ber að taka þenna kröfulið áfrýjanda til greina, enda hefur upphæð hans ekki verið hnekkt í neinum atriðum.

Um 2. Áfrýjandi tók að kvarta undan því við fyrirsvarsmann stefnda ekki síðar en í aprilmánuði 1950, að hann nyti ekki þess kaups, er honum bæri, en stefndi sinni því ekki. Síðar, að því er virðist hinn 27. maí 1950, bar áfrýjandi fram ákveðna kröfu um greiðslu vangoldinna launa, en fyrirsvarsaður stefnda neitaði frekari kaupgreiðslu og tjáði áfrýjanda, að ef hann vildi hætta störfum, væri honum það heimilt. Lét áfrýjandi þá af starfi sínu hjá stefnda. Neitun stefnda á því að greiða áfrýjanda þau laun, er honum bar, verður að telja slíka vanefnd, að hún jafngildi fyrirvaralausri uppsögn. Af því leiðir, að taka ber þenna kröfulið til greina.

Samkvæmt framansögðu verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kröfu hans að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber stefnda og eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 2500.00.

#### Dómsorð :

Stefndi, Áætlunarbílar Mosfellssveitar h/f, greiði áfrýjanda, Helga Einarssyni, kr. 10382,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.**

Hinn 1. marz 1947 veitti Samgöngumálaráðuneytið þeim Sigurbergi Pálssyni og Sigurði Snæland Grímssyni sérleyfi til fólksflutninga með bifreiðum á leiðinni milli Reykjavíkur og Mosfellsdals. Þeir Sigurbergur og Sigurður Snæland eru félagar í Félagi sérleyfishafa og því bundnir af samningi þeim, sem nefnt félag gerði hinn 8. apríl 1949 við Bifreiðastjórafélagið Hreyfil um kjör bifreiðastjóra. Bar þeim Sigurbergi og Sigurði Snæland því skylda til sem sérleyfishöfum að sjá um, að áfrýjandi nyti, er hann ók bifreið fyrir þá á sérleyfisleiðum, þeirra kjara, er nefndur samningur tiltekur. Og þar sem samningurinn er gerður milli stéttarfélags bifreiðastjóra annars vegar og stéttarfélags sérleyfishafa hins vegar og skapar samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938 rétt án tillits til samninga einstakra bifreiðarstjóra, þá þykir mega líta svo á, að áfrýjandi hafi ekki firrt sig rétti til fullra launa á hendur þeim Sigurbergi og Sigurði Snæland samkvæmt kjarasamningnum, þótt hann semdi um og kvittaði fyrirvaralaust fyrir lægri launum en í samningnum greinir. Samkvæmt þessu heldur áfrýjandi rétti sínum eftir kjarasamningnum á hendur þeim Sigurbergi og Sigurði Snæland persónulega. En nú fólu þeir Sigurbergur og Sigurður Snæland Áætlunarbílum Mosfellssveitar h/f að annast fyrir sig fólksflutninga á sérleyfisleiðinni. Áfrýjandi samdi við hlutafélag þetta og sækir það til greiðslu í máli þessu. Þeir Sigurbergur og Sigurður Snæland standa að vísu að hlutafélagi þessu og eiga ásamt konum sínum meiri hluta hlutabréfa í því. En ekki er véfengt, að hlutafélagið sé löglegt og því sérstakur aðili að lögum, með sjálfs sín réttindi og skyldur. Hlutafélagið hefur ekki gerzt aðili að kjarasamningi þeim, sem Bifreiðastjórafélagið Hreyfill og Félag sérleyfishafa gerði hinn 8. apríl 1949, tekið á sig eða með öðrum hætti orðið skylt til að veita áfrýjanda kjör samkvæmt þeim samningi. Brestur því lagarök til að dæma hlutafélaginu ábyrgð á persónulegum samningsskyldum þeirra Sigurbergs og Sigurðar Snælands. Samkvæmt þessu ber að sýkna hlutafélagið

af þeim kaupkröfum, sem áfrýjandi hefur uppi í máli þessu. Ósannað er af hendi áfrýjanda, að honum hafi verið vísað úr vist hjá stefnda. Ber því og að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda vegna uppsagnar. Krafa áfrýjanda um orlofsfé er greidd samkvæmt héraðsdómi. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, teljum við, að dómsorð ætti að hljóða svo: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Hvor aðilja greiði sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Helgi Einarsson, Sogavegi 126, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. sept. f. á., gegn Sigurbergi Pálssyni, formanni stjórnar Áætlunarbíla Mosfellsveitar h.f., Kjósarsýslu, f. h. félagsins, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 12.068.96 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi dómkröfu sína í kr. 11.182.80, auk vaxta og málskostnaðar, eins og krafizt er í stefnu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara*, að kröfum stefnanda verði skuldajafnað við jafnháa fjárhæð af kr. 24.000.00, sem stefnandi skuldi því. Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi varakröfu sinni þannig. að það lækkaði gagnkröfu sína á stefnanda í kr. 12.000.00. *Til þrautavara* hefur stefndi krafizt lækkunar á dómkröfum stefnanda og að við þær verði skuldajafnað gagnkröfu stefnda, eftir því sem hún þyki hæfilega ákveðin að mati dómsins. Loks krefst stefndi, að því verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Í september samdist svo með stefnanda máls þessa og stjórnarformanni stefnda, að stefnandi æki áætlunarbifreið stefnda á áætlunarleiðinni milli Reykjavíkur og Mosfellsdals. Átti kaup stefnanda að vera kr. 100.00 fyrir hvern vinnudag.

Stefnandi hóf vinnu hjá stefnda 23. september og var í þjónustu hans til 27. maí 1950. Var vinnu hans þannig hátað, að fimm daga í viku fór hann þrjár áætlunarferðir frá Reykjavík eða kl. 8.00, kl. 13.30 og kl. 18.15. Á laugardögum voru farnar 6 ferðir, hin fyrsta kl. 8.00, hin síðasta kl. 23.00 og á sunnudögum voru ferðirnar 7 samkvæmt áætlun, sú fyrsta kl. 9.00, en síðasta kl. 23.00, en auk þess var oftast nær farin aukaferð á sunnudagskvöldum kl. 21.00. Hins vegar heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi í flest skipti verið leystur frá einni kvöldferðanna á sunnudögum, til þess að honum gæfist tími til matar, en stefnandi telur, að þetta muni ekki hafa verið gert nema um það bil þriðja hvern sunnudag.

Aðiljar málsins eru sammála um, að hver ferð hafi tekið sem næst tvær stundir. Þá telur stefnandi, að hann hafi unnið eina klukkustund

daglega við farmiðasölu, þvott bifreiðarinnar og að láta smyrja hana, auk akstursins sjálfs, en stefndi hefur mótmælt því, og heldur því fram, að farmiðasalan hafi ekki tekið lengri tíma en 5 mínútur í hverri ferð og bifreiðina hafi stefnandi ekki látið smyrja nema vikulega og það ekki verið nema hálfur til einnar klukkustundar verk í hvert skipti.

Stefndi greiddi stefnanda jafnan kaup hans mánaðarlega, kr. 100.00 fyrir hvern vinnudag, og kvittaði stefnandi fyrirvaralaust fyrir þeim fjárhæðum. Að því rak þó, að ágreiningur kom upp milli málsaðilja um kaupið. Heldur stefnandi því fram, að um eða eftir áramót 1949—1950 hafi hann gert athugasemdir út af kaupgreiðslunum og talið sér bera meira kaup, þar sem hann ynni yfirvinnu hjá stefnda. Í maí 1950 hafi hann ítrekað kröfur sínar um greiðslu fyrir eftirvinnu, enda hafi stéttarfélag hans, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, verið búið að kvarta yfir því, að hann hefði ekki tekið taxta kaup hjá stefnda. Stefndi hefur hins vegar mótmælt, að stefnandi hafi hreyft nokkrum athugasemdum út af kaupinu sínu fyrir en í apríl 1950, og neitaði stefndi að greiða herra kaup en fyrrgreindar kr. 100.00 fyrir hvern vinnudag. Ágreiningur þessi leiddi til þess, að störfum stefnanda hjá stefnda lauk 27. maí.

Stefnandi hefur lagt fram yfirlit um kröfu sína á hendur stefnda og má sundurliða hana þannig, þegar tillit er tekið til lækkunar hans á dómkröfunni við flutning málsins:

1. Dagvinnukaup og yfirvinnukaup 23. sept 1949—27. maí 1950	kr. 30.125.73
2. Kaup í einn mánuð vegna fyrirvaralausrar uppsagnar . . . .	— 2.346.75
3. Orlofsfé, 4% af kr. 20.016.09 . . . . .	— 800.72

---

Alls kr. 33.273.20

Frá dregst kaup greitt stefnda fyrir tímabilið 23/9 1949

—27/5 1950 . . . . . — 22.110.00

---

Eftirstöðvar kr. 11.163.20

*Um 1. lið.*

Stefnandi heldur því fram, að samningur hans við stefnda um kr. 100.00 í kaup fyrir hvern vinnudag hafi aðeins átt við dagvinnu, en hann hafi litið svo á, að eftirvinnu bæri stefnda að greiða sérstaklega. Reisir hann kröfur sínar samkvæmt þessum lið á því, að kaup það, sem stefndi galt honum, hafi verið lægra en ákveðið var í heildarsamningi Bifreiðastjórafélagssins Hreyfils við Félag sérleyfishafa, dags. 8. apríl 1949. Þar sem samningur málsaðilja hafi verið í ósamræmi við fyrrgreindan heildarsamning, sé sérsamningurinn ógildur samkvæmt ákvæðum laga nr. 80 frá 1938. Í 1. gr. nefnds heildarsamnings sé svo ákveðið, að vinnutími dag hvern sé 10 stundir, og teljist matmálmáttimar og biðtímar milli ferða til vinnutíma. Samkvæmt 11. grein samnings þessa beri vinnuveitanda að greiða bifreiðarstjóra kr. 745.00 í kaup mánaðarlega eða kr. 89.40 í dagkaup í grunnlaun. Eftirvinna skuli hins vegar greidd með kr. 5.20 í grunnkaup á klukkustund, nema á nokkrum tilteknum helgidögum greið-

ist kr. 6.90. Samkvæmt þessum ákvæðum sammingsins hefur stefnandi reiknað út heildarkaup sitt á vinnutímabilinu.

Stefndi hefur haldið því fram, að um það hafi verið rætt við sammingsgerðina, að stefnanda skyldi ekki greitt yfirvinnukaup sérstaklega, enda hafi venjulegur vinnutími stefnanda aðeins verið 6 stundir á dag, en um helgar hafi hann þó unnið 5 stundir samtals umfram venjulegan vinnudag. Þá hefur stefndi reist sýknukröfu sína af þessum lið á því, að stefnandi hafi jafnan tekið fyrirvaralaust við kaupi sínu og engum athugasemdum hreyft út af kaupgreiðslunum fyrr en í apríl 1950 og ennfremur, að stefndi sé ekki í Félagi sérleyfishafa og sé því heildarsamningur þess félags við Bifreiðastjórafélagið Hreyfil ekki bindandi fyrir stefnda.

Með tilliti til þess, að ósannað er gegn mótmælum stefnda, að það sé í Félagi sérleyfishafa og því ekki efni til samkvæmt 7. gr. laga nr. 80 frá 1938 að meta ógildan sérsamning þess við stefnda á þeim grundvelli, að hann brjóti í bág við fyrrgreindan heildarsamning, að stefnandi kvittaði jafnan fyrirvaralaust fyrir kaupi sínu og ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi hreyft athugasemdum við stefnda út af því, að kaup hans væri of lágt, fyrr en meira en hálfu ári eftir að hann réðist í þjónustu stefnda og að tilhögun á starfi stefnanda var mjög frábrugðin því, sem venjulegt er, sökum hins langa biðtíma milli ferða, þykir verða að sýkna stefnda af þessum kröfuleið.

#### *Um 2. lið.*

Stefnandi reisir kröfu sína samkvæmt þessum lið á því, að fáum dögum eftir að hann hafi kvartað yfir því við stjórnarformann stefnda, að hann fengi of lágt kaup, hafi sér verið sagt upp vinnunni fyrirvaralaust, en samkvæmt 5. gr. fyrrnefnds heildarsammings hafi hann átt rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti.

Stefndi hefur mótmælt, að stefnanda hafi verið sagt upp vinnunni, heldur hafi hann hætt henni sjálfur fyrirvaralaust, þótt honum hafi staðið til boða að halda henni áfram með sömu kjörum og fyrr.

Stefnandi hefur gegn mótmælum stefnda ekki leitt sönnur að því, að stefnda hafi sagt honum upp vinnunni né hnekkt því, að honum hafi staðið til boða að vera áfram í þjónustu stefnda með sömu kjörum og áður, og verður þessi kröfuleiður því ekki tekinn til greina.

#### *Um 3. lið.*

Því er ómótmælt, að stefndi hafi eigi greitt stefnanda orlofsfé sérstaklega, en telja verður, að stefnandi hafi átt rétt til orlofsfjár, 4% af kr. 22.110.00, sem var heildarkaup það, sem stefndi galt honum, eða alls kr. 884.40. Hins vegar hefur stefnandi ekki krafizt hærri fjárhæðar í orlofsfé en kr. 800.72, og verður honum því ekki dæmd hærri upphæð.

#### *Um varakröfu og þrautavarakröfu stefnda.*

Gagnkröfu sína á hendur stefnanda telur stefndi stafa af því, að stefn-

andi hafi notað bifreið stefnda til ferða milli heimilis síns og afgreiðslu-  
stöðvar hennar, þrjár ferðir á dag og beri honum að greiða stefnda fyrir  
þá notkun.

Stefnandi hefur haldið því fram, að sér hafi verið tjáð, að bifreiðina  
skyldi hann geyma annaðhvort heima hjá sér eða hjá stjórnarformanni  
stefnda að Háteigsvegi 11.

Þar sem algengt mun vera, að bifreiðarstjórar geymi bifreiðar vinnu-  
veitenda sinna hjá sér og ekki verður séð, að stefndi hafi hreyft nokkrum  
athugasemdum við stefnanda út af því, að hann færi á bifreiðinni heim  
til sín, þykja ekki efni til að taka skuldajafnaðarkröfur hans til greina.

Samkvæmt framanrituðu verða úrslit málsins þau, að stefnda ber að  
greiða stefnanda í orlofsfé kr. 800.72, en eftir öllum atvikum þykir rétt,  
að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurbergur Pálsson f. h. Áætlunarbíla Mosfellssveitar  
h.f., greiði stefnanda, Helga Einarssyni, í orlofsfé kr. 800.72 innan  
15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

---

Föstudaginn 4. desember 1953.

Nr. 159/1951. **Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík**

(Egill Sigurgeirsson)

gegn

**Bræðrafélagi óháða Fríkirkjusafnaðarins**

(Ólafur Þorgímsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramur Hæstaréttar.**

Synjað um töku hringingartækja með fógetagerð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykja-  
vík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með  
stefnu 17. október 1951. Hann gerir þær dómkröfur, að úr-  
skurður fógetadómsins verði úr gildi felldur og lagt verði  
fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem í mál-